

ANTIKVA EHF 2019

Lundahverfi

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Ragnheiður Traustadóttir og Margrét Valmundsdóttir



Forsíðumynd:

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer:

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir,

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Inngangur	5
Fornleifaskráningar	6
Skráningarsvæðið.....	6
Tilgangur fornleifaskráningar.....	7
Fornleifaskráning og aðferðir.....	11
Jarðarnúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti.....	12
Staðsetning.....	12
Staðhættir og lýsing	13
Hættumat	13
Mótvægisáðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu.....	14
Hofsstaðir [177].....	14
Túngarður [1424-1425]	15
Óþekkt [1417] hóll.....	17
Þúst [1428] óþekkt.....	18
Guðnýjarstapi – Markavarða landamerki kuml [1641] varða hleðslur.....	19
Hallbera – kennimark [1642] heimild um vörðu	19
Alfaraleið [1756] heimild um götu.....	19

Sérstakaþúfa – landamerki [1800] heimild um vörðu	20
Samantekt og niðurstöður.....	20
Heimildir	22
Fornleifaskráning.....	22
Fornrit, jarðabækur og sýslulýsingar	22
Kort og landamerkjaskrár	22
Árnastofnun - Örnefnasafn	22

Myndaskrá

Mynd 1 Deiliskipulagið er gula svæðið og minjar sem eru í hættu er rauða svæðið.	6
Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ. 7	
Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	11
Mynd 4 Túnakort frá 1918 sem sýnir bæjarstæðið, útihús, kálgarða og túngarðinn.....	15
Mynd 5 Hóll [1417] sem er fast upp við túngarð [1425]. Ljósmynd FSI.	17
Mynd 6 Guðnýjarstapi horft í austur að Holtsbúð 87.....	18

Inngangur

Að beiðni Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings, fyrir hönd Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags Lundahverfis sem Einar Ingimarsson, arkitekt er að vinna.

Skipulagssvæðið markast að vestanverðu af opnu svæði austan miðbæjar og suðaustan og sunnan Byggðahverfis, að norðan um opið svæði sunnan Holtsbúðar, að austan mörkum helgunarsvæðis við Reykjanesbraut og að sunnan norðurmörkum deiliskipulags fyrir Vífilsstaðaveg. Svæði var til forna hluti af landi Hofsstaða.

Á þessu svæði er lítið um minjar enda svæðið að mestu fullbyggt, en á opna svæðinu austan miðbæjar og austan við Hofsstaði er að finna leifar af túngarði [1424-1425] frá mismunandi tíma og tveimur fornleifum sem hafa verið innan garðs og fast upp við garðinn. Á Hofsstöðum var grafinn upp landnámsskáli og fleiri minjar á árunum 1994-2000 og því allt svæðið sem er innan túngarðsins viðkvæmt fyrir framkvæmdum. Túngarðurinn er ekki vel varðveittur en þó er hægt að rekja hann á löngum kafla og brot af honum er varðveitt innan lóðar Leikskólans á Kirkjubóli. Hlutverk tóftanna við túngarðinn eru óþekktar og var gerð minniháttar rannsókn á annarri þeirra [1417] árið 1986 þar sem komu í ljós hleðslur frá landnámi og líka töluvert yngri. Þúst [1428] sést mjög illa en virðist vera manngert.

Á svæðinu var auk þess skráðar landamerkjavörður og eru tvær þeirra horfnar undir byggð; Hallbera [1642] og Sérstakapúfa [1800], og þriðja landmerkjavarðan Guðnýjarstapi [1641] er rétt utan við svæði og því ekki í neinni hættu. Að lokum má nefna alfaraleiðina [1756] en hún er nú horfin undir núverandi Vífilsstaðaveg.

Skýrsluhöfundur hefur skráð þetta svæði. Á sl. árum hefur verið unnið að umfangsmikilli skráningu í Garðabæ þar sem allar minjar hafa verið mældar upp og eldri skráningar endurmetnar og lagfærðar þegar þess hefur þurft. Heimildum hefur verið safnað auk þess sem farið hefur verið á vettvang aftur um allt land Garðabæjar. Eru allar þessar minjar skráðar í stafræna landfræðilega gagnagrunn Garðabæjar.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta af þessu svæði vegna aðalskipulags Garðabæjar en þá skráningu vann Fornleifastofnun Íslands ses. Og kom sú skýrsla út árið 2009. Í henni er að finna skráningu á Hofsstöðum en þó ekki tæmandi.¹ Frá því sú skráning fór fram hafa staðlar Minjastofnunar Íslands breyst hvað varðar fornleifaskráningu og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Er það nú gert í þessari skráningu.



Mynd 1 Deiliskipulagið er gula svæðið og minjar sem eru í hættu er rauða svæðið.

Skráningarsvæðið

Skipulagssvæðið markast að vestanverðu af opnu svæði austan miðbæjar og suðaustan og sunnan Byggðahverfis, að norðan um opið svæði sunnan Holtsbúðar, að austan mörkum helgunarsvæðis við Reykjanesbraut og að sunnan af norðurmörkum deiliskipulags fyrir Vífilsstaðaveg. Svæði var til forna hluti af landi Hofsstaða. Landamerki Hofsstaða eru frekar

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*.

óljós þar sem landi Garðakirkju var ekki formlega skipt upp.² Landamerki jarðarinnar er lýst í *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar* og eru það lýsingar systranna frá Hofsstöðum Sigríðar og Halldóru Gísladóttur en þar segir: „síðustu mörk Hofsstaðajarðar úr Stórákróki á Arnarneslæk í vörðuna í Dýjakróki þar sem nú er Dalsbyggð 2, þaðan í Guðnýjarstapa við núverandi Holtsbúð 91 að Sérstökuþúfu um Vífilsstaðavega að vörðu sem var rétt vestan við Stekkjarflöt 2. Úr vörðunni lá lína að Stórákróki.“ Þegar þessi lýsing er skoðuð þá er markavörðunnar ekki getið á [1642] sem er efst á á Hofsstaðahæð en hennar er getið í örnefnaskrá. Það eru líka vísbendingar um að landamerki jarðarinnar hafi verið önnur á landnámsöld. Mörk jarðarinnar verða ekki frekar skoðuð í þessari skýrslu.



Mynd 2 Skjástot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

² Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*, 19.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né

nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágur fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

1424, Túngarður, Arkeologískt objekt	
Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events	
Attribute	Value
Sérheiti	Hofsstaðatúngarður
Bæjarnafn	Hofsstaðir
Jarðatal Johnsen	177
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Garðlag
Lengd	19 meter
Breidd	1.0 meter
Hæð	1.10 metrar
Athugasemdir	
Umhverfi	Inná lóð Leikskólans Kirkjubóls
Adalsvæði	Miðbær
Svæði	Miðbær
Túnakort	Túnakort 1919
Heimildir	Guðmundur Ólafsson 1985
Örnefnaskrá	Ö-Hofsstaðir GS, 1
Aldur	1800-1900
Skráning	RT
Mæling	Uppmæling
Ár	2016
Dagur	
Horfin	Að hluta
Horfin_astæða	Vegna byggingar
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorso	Vegna ábúðar
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6405268
GPS hnit Vestur	2154829
Adalskipulagsverkefni	Aðalskipulag Garðabæjar
Verkefni	Deiliskipulag Lundahverfi
Gömul númer	
Sveitarf	Garðabær
Sveitarfelagsnr	210

Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Hofsstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og kort útbúin auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Hallbera [1616]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „túngarður [1425]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Grímsseta [1632], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru þær tvær fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.



Mynd 4 Yfirlitskort af fornleifum á svæðinu.

Fornleifar á svæðinu

Hofsstaðir [177]

Elstu skráðu heimildirnar um “Hofstader” er að finna í íslenska fornbréfasafninu. Árið 1395 á Viðeyjarklaustur Hofsstaði, en þeir eru sagðir ein af þeim jörðum sem undir klaustrið komu síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar.


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1704 segir um “Hofstader” að þeir séu háflenda svokölluð, því að þar sé ekki fyrirvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir. Jarðardýrleiki sé óviss, eigandinn konungurinn og ábúandinn Vernharður Einarsson:

Uppdráttur af Hofsstöðum í Garðahreppi er til á túnakorti frá árinu 1918. Þar kemur fram að sléttuð tún eru 2,9 teigar og kálgarður 700 m². Á uppdrættinum sést afstaða bæjarins og útihúsa sem þá voru.

Hinn 2. maí 1827 var jörðin seld, sem verið hafði í konungseign um aldir, fyrir 121 rd. Kúgildislaus. Búskapur lagðist af á Hofsstöðum árið 1965.

Fornleifarannsóknir sýndu fram á miklu eldri búskapasögu en heimildir en landnámsskáli fannst við fornleifauppgröft skammt vestur af núverandi bæjarstæði Hofstaða.

Hofsstaðabærinn stóð þar frá upphafi og fram á 13. öld, en var síðan fluttur, mögulega á þann stað sem núverandi bæjarhús stendur.



Mynd 5 Túnakort frá 1918 sem sýnir bæjarstæðið, útihús, kálgarða og túngarðinn.

Túngarður [1424-1425]

Á túnakorti af Hofsstöðum frá árinu 1918 er dregin upp mynd af túngarðinum eins og hann var þá. Umhverfis hann var melholt með nokkrum gróðri, helst við túngarðinn. Traðir eru norðan og sunnan í honum. Í örnefnaskrá segir: „Garður hlaðinn af torfi og grjóti lá um túnið

allt. Nú er aðeins lítið garðbrot eftir sunnan hússins."³ og í annarri örnefnaskrá segir "Hofstaðatúngarður lá umhverfis túnið á alla vegu, hlaðinn að mestu af torfi og grjóti. Sér nú ekkert af honum nema garðbrot fram undan húsinu niðri í mýrinni, en þar nálægt var Hofstaðabrunnur [1419], og frá honum heim til bæjar lá Brunngatan [1429]," segir í örnefnaskrá GS.⁴ Þessar lýsingar eiga við yngsta túngarðinn [1424] á Hofsstöðum sem var hlaðinn úr grjóti og torfi og er hann horfinn að mestu nema brot af honum er varðveitt inni á lóð Leikskólans á Kirkjubóli. Eldri túngarðinn [1425] frá landnámi er að finna á svæðinu austan við Tónlistarskóla Garðabæjar sem sveigir svo til vestur og stefnir á Dýraspítalann. Garðurinn er útfluttur en er þó greinilegur á vettvangi, best varðveittur syðst og vestast. Rannsóknir á túngarðinum fóru fram árið 1985 á vegum Þjóðminjasafns Íslands.

Samkvæmt rannsóknum Guðmundar Ólafssonar er elsti hluti túngarðsins frá 10. öld en 2-3 m utan við hann við austurgافل leikskólans Kirkjubóls er annar miklu yngri garður [1424], sem getur ekki verið eldri en frá 16. öld, en er líklega nokkuð yngri.⁵ Þessi garður passar ágætlega við túnakortið frá 1918 og er því sennilega frá 19. öld.

Ári síðar kannaði Guðmundur garðinn frekar, um 60-70 m SSV af núverandi uppgraftarsvæði, þar sem garðurinn er hvað breiðastur og tóftir [1417] liggja að honum. Guðmundur segir í skýrslu sinni athyglisverðast að á um 3 m kafla hafi landnámslag legið óhreyft að mestu ofan á mannvistarlagi, sem fannst neðst við óhreyfða mold. Ofan á mannvistarlaginu, við endann á því, var torfveggur, strenghlaðinn úr landnámstorfum, um 1 m breiður og um 40 sm hár. Ofan á hann hafði síðar verið hlaðið, eða grafið niður fyrir grjóthleðslu, utan í túngarðinn. Önnur grjótundirstaða, eða hleðsla, var 2 m innar við túngarðinn. Þessar 2 hleðslur eru seinni tíma verk.⁶ Ekki er skilgreint hvað átt er við með "seinni tíma" verki né heldur hvers eðlis umræddar hleðslur eru.

Við lóðaframkvæmdir á vegum Álftáróss hf. í júlí 1994, skammt NNV af uppgraftarsvæðinu á Hofsstöðum, kom í ljós hluti af túngarðinum. Túngarðurinn var hlaðinn úr torfi og grjóti í

³ Ö-Hofsstaðir

⁴ Ö-Hofsstaðir GS, 1

⁵ Guðmundur Ólafsson 1985, óbirt rannsóknargögn

⁶ Guðmundur Ólafsson 1986, óbirt rannsóknargögn

stefnunni NNA-SSV. Yfir öllum garðinum lá Katla 1500, 5-13 sm að þykkt, og er því garðurinn reistur fyrir þann tíma. Ekki er unnt að aldursgreina garðinn nánar nema með kolefnisgreiningu á sýnum sem tekin voru. Garðurinn var 40-60 sm á hæð á þessum stað en aðeins 3 m breiður og eru allar líkur á að aðrir hlutar hans á þessum stað hafi horfið við framkvæmdir.⁷

Niðurstaðan er því að þarna sé um ræða túngarða frá fleiri tímasteiðum, elsti garðurinn hlaðinn úr torfi en síðar meir torf og grjót. Það er mikilvægt að elsti garðurinn sé kannaður enn frekar og tóft [1417] ef til stendur að nýta svæðið eitthvað.



Mynd 6 Hóll [1417] sem er fast upp við túngarð [1425]. Ljósmynd FSI.

Óþekkt [1417] hól

Hóllinn er á grasflöt 11 metrum frá Dýraspítalanum í austur og er innan túns. Hóllinn er fremur lágur en mesta hæð er 0,7 m og ummál er að minnsta kosti 6 m NA-SV en sennilega

⁷ Ragnheiður Traustadóttir 1994

eitthvað stærri. Í fyrri fornleifaskráningu er þetta talinn vera öskuhaugur⁸ en rannsóknir Guðmundar Ólafssonar benda til þess að þarna séu hleðslur frá hið minnsta þremur tímаскеiðum. Ekki er alveg ljóst hvar könnunarskurðurinn var tekinn árið 1986 í hólinn. Þarna þyrfti að fara fram rannsókn á minjunum og túngarðinn ef kemur til framkvæmda á svæðinu.

Púst [1428] óþekkt

Rétt vestan við lóðamörk Hofslund 6 má greina þústir sem virðast vera innan túngarðs [1425]. Hún er rúmir 5 metra á lengd og 2,8 á breidd. Þetta eru mjög ógreinilegar minjar en virðast sjást á loftmynd. Ekki var hægt að mæla neina tóft á vettvangi og var því bara mælt ca. ummál á þústinni. Ekki er til neinar heimildir um minjar þarna en í ljósi þess að Hofstaðir eru forn jörð er mikilvægt að raska ekki þessu svæði nema að undangenginni fornleifarannsókn.



Mynd 7 Guðnýjarstapi horft í austur að Holtsbúð 87.

⁸ FSI 2009

Guðnýjarstapi – Markavarða landamerki kuml [1641] varða hleðslur

Í örnefnalýsingum segir frá Guðnýjarstapa: „Norðan í háholtinu var varða, Guðnýjarstapi [...] Nú er allt Hofstaðaholtið komið undir byggingar.“⁹ „Norðan í holtinu er Guðnýjarstapi, klapparhóll með grasþúfu. Guðnýjarstapi er nú inn á lóð Holtsbúðar 87.“¹⁰ Í örnefnaskrá Álfтанeshrepps er þarna um tvennt að ræða, klapparhól og vörðu: „Guðnýjarstapi: Klapparhóll allmikill upp í Hofstaðaholti. Þar um lá landamerkjálina úr Dýjakrók. Markavarðan: Hún mun hafa verið norðan og neðan við Guðnýjarstapa.“¹¹ Sunnan, austan og vestan við Guðnýjarstapa eru Holtsbúð 87, 89 og 91. Guðnýjarstapi er grasi gróinn stapi eða smáhæð, um 8 x 6 m að ummáli með stefnu norðvestur – suðaustur og allt að 1,5 m á hæð. Hér og þar standa steinar upp úr stapanum og efst á honum er stór þúfa. Stapinn virðist vera manngerður og gæti þarna hugsanlega verið kuml. Ólíklegt er að þúfan sé yfirgróin varða eins og ein örnefnalýsingin virðist gera ráð fyrir en þó má ætla að varðan hafi verið hlaðin á stapanum frekar en til hliðar við hann. Engin merki sjást nú um vörðu en greina má hleðslur í hólnum.

Hallbera – kennimark [1642] heimild um vörðu

Í örnefnalýsingum segir: „Markavarða á Hofstaðahæð mun hafa verið kölluð Hallbera. Talið er að nafnið sé komið frá vistmönnum á Vífilsstaðahæli. Líklega er þetta sama þúfa og nefnd er Norðurþúfa.“¹² „[...] Varða á holtinu hlaðin af sjúklingum og kallaðist hún Hallbera.“¹³ „Hallbera varða austan í Hofstaðaholti hvarf, þegar byggð reis á holtinu. Hún stóð, þar sem lóð Gígjulundar 6 er nú.“¹⁴

Alfaraleið [1756] heimild um götu

Í örnefnalýsingu segir: „Frá bænum lágu Vífilsstaðatraðir [1612] upp í Traðarhlið á Norðurtúngarði. Úr hliðinu lá svo gata í Alfaraleiðina sem þarna lá um Vífilsstaðamela.“¹⁵ Alfaraleiðin lá sem sé um melana ofan Vífilsstaðatúns og hefur vestari hluti hennar verið á

⁹ Ö-Vífilsstaðir SP; sjá einnig: Ö-Vífilsstaðir AG.

¹⁰ Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.

¹¹ Ö-Álfтанeshreppur GS, 15.

¹² Ö-Vífilsstaðir GS.

¹³ Ö-Vífilsstaðir SP.

¹⁴ Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.

¹⁵ Ö-Vífilsstaðir GS; sjá einnig: Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 73.

sömu slóðum og malbikaður Vífilsstaðavegurinn var lagður síðar beint upp að Vífilsstöðum.¹⁶ Á gamalli ljósmynd sem tekin er úr lofti má sjá hvernig vegurinn lá áður í gegnum húsahverfið á Vífilsstöðum en ekki fyrir norðan fjósið eins og í dag (mynd 15). Á spottanum frá núverandi eystri húsum Vífilsstaða og út að Flóttavegi [1635] var malarvegur eins og í dag. Mölin hefur verið borin í gömlu götuna á seinni tímum eins og malbikið en leiðin liggur þó enn á sömu slóðum á þessum kafla Alfaraleiðarinnar og hefur að því leyti ákveðið varðveislugildi.

Sérstakapúfa – landamerki [1800] heimild um vörðu

Samkvæmt örnefnaskrá lágu merki frá Guðnýjarstapa, „upp holtið í Markavörðu [1642], sem er á háholtinu, niður í Sérstökupúfu, sem er miðja vegu milli Markavörðu og Vífilsstaðavegar“.¹⁷ Varðan er nú komin undir byggð eins og segir í *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar* en eftir lýsingum systranna Sigríðar og Halldóru Gísladóttur var Sérstakapúfa þar sem nú er Espilundur 4, rétt sunnan við Hofsstaðabraut.¹⁸

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar sjö fornleifar, þar af eru þrjár horfnar og ein liggur rétt utan skipulagssvæðisins. Allar minjarnar hafa verið á landareign Hofsstaða. Hofsstaðir eru forn jörð og er að finna minjar þar frá elstu tíð og fram á miðja síðustu öld. Enn leynast þar fornleifar, svo sem forn túngarður [1425], hóll [1417] og þúst [1428] sem þarf sérstaklega að huga að þegar þetta svæði er skipulagt. Er mikilvægt að þessar minjar verði rannsakaðar áður en kemur til með að þurfa að raska þeim en Minjastofnun Íslands ákvarðar og metur hvað þarf að gera komi það til.

Alfaraleiðin [1756] er nú horfin undir Vífilsstaðarveg.

¹⁶ Sbr. Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 69.

¹⁷ Ö-Hofsstaðir GS

¹⁸ Sbr. Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 21.

Landamerkjavörður Hofstaða eru flestar horfnar undir byggð og á svæðinu voru tvær þeirra Sérstakapúfa [1800] og Hallbera [1642] en Guðnýjastapi [1641] er ennþá varðveitt og er rétt utan við skipulagssvæðið.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. III. Safn til Sögu Garðabæjar. Garðabær: Garðabær, 2001.

Fornleifaskráning

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*. FS414-05192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2009.

Fornrit, jarðabækur og sýslulýsingar

Íslenskt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Íslenskt fornbréfasafn, XIII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933-1939.

Íslenskt fornbréfasafn, XIV. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944-1949.

Íslensk fornrit, I. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen.

Kaupmannahöfn, 1847.

Kort og landamerkjaskrár

Túnakort Hofsstaða. 1919.

Árnastofnun - Örnefnasafn

Ö-Álftaneshreppur GS: *Örnefnaskrá Álftaneshrepps hins forna*. Gísli Sigurðsson skráði 1964.

Ö-Hofsstaðir: *Hofsstaða*. Ónafngreindur skrásetjari skráði.

Ö-Hofsstaða EBB: *Örnefnalýsing Urriðakots*. Svanur Pálsson skráði 1988.